

hlutafélög eða samvinnufélög greinir.“ Mál þetta átti þar af leiðandi þegar að leggjast fyrir sjó- og verzlunardóm. Málið var samt sem áður lagt fyrir bæjarþing, og hvergi er að því vikið í sátta-kæru, stefnu né í fyrstu greinargerð stefnenda, að æskilegra væri, að meðdómsmenn tækju sæti í dóminum. Þykir því bera að vísa málinu frá bæjarþinginu.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefnendur greiði stefnda kr. 8.000.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá réttinum.

Stefnendur, Ársæll Sveinsson, Lárus Ársælsson og Sveinn Ársælsson, greiði in solidum stefnda, Vinnslustöðinni h/f, kr. 8.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 5. janúar 1967.

Nr. 251/1966. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f. h. Landssambands framhaldsskólakennara gegn Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Dómhæfi kröfu. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærða dóm hafa uppkveðið: Hákon Guðmundsson, Bjarni K. Bjarnason, Ragnar Jónsson, Einar B. Guðmundsson og Jón Finnsson.

Með kæru 29. október 1966, sem Hæstarétti barst 21. desember 1966, hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar samkvæmt 1. tölulið 67. gr. laga nr. 80/1938 frávisunardóm Félagsdóms, uppkveðinn 25. október 1966, í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að frávisunardómurinn verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir

Félagsdóm að taka málið til meðferðar af nýju og leggja á það efnisdóm. Sóknaraðili krefst og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili samþykkir þá kröfu sóknaraðilja, að frávísunardómurinn verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir Félagsdóm að leggja efnisdóm á sakarefnið. Hann krefst þess hins vegar, að honum verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja.

Málavöxtum er skilmerkilega lýst í hinum kærða dómi.

Fyrir Félagsdómi hefur sóknaraðili gert þessa dómkröfu: „að dæmt verði, að loforði menntamálaráðherra frá 5. júní 1964 til Landssambands framhaldsskólakennara um að halda námskeið fyrir framhaldsskólakennara, sem skipaðir voru eða settir í kennarastöður tímabilið 1. júní 1952 til 1. júlí 1963, svo að þeir mættu að afloknu námskeiði flytjast í 18. launaflokk ríkisstarfsmanna, hafi ekki verið fullnægt með dómi Kjaradóms frá 30. nóvember 1965.“

Í dómkröfunni er nánast krafizt álitsgerðar Félagsdóms um tiltekin atriði í skiptum aðilja. Hins vegar er eigi krafizt dómsorðs, sem ráði ákveðnu ágreiningsefni til fullnaðarlykta á einn veg eða annan. Kröfugerð þessi verður eigi metin dómhæf, sbr. 67. gr. laga nr. 85/1936. Var Félagsdómi því rétt að frávísa málinu.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta dómsorð Félagsdóms.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur Félagsdóms 25. október 1966.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 24. júní þ. á., af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja f. h. Landssambands framhaldsskólakennara gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að dæmt verði, að loforði menntamálaráðherra frá 5. júní 1964 til Landssambands framhaldsskólakennara um að halda námskeið fyrir framhaldsskólakennara, sem skipaðir voru eða

settir í kennarastöður tímabilið 1. júní 1952 til 1. júlí 1963, svo að þeir mættu að afloknu námskeiði flytjast í 18. launaflokk ríkisstarfsmanna, hafi ekki verið fullnægt með dómi Kjaradóms frá 30. nóvember 1965.

Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

Í stefnu málsins hefur stefnandi gert svofellda grein fyrir dómkröfum sínum:

„Fyrir gildistöku laga nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna var framhaldsskólakennurum skipað um laun í VI.—VIII. launaflokk samkvæmt lögum nr. 92/1955 um laun starfsmanna ríkisins. Byggðist skiptingin innbyrðis ekki á formlegri menntun, heldur á fjölda nemenda í viðkomandi skóla.

Þegar lög nr. 55/1962 tóku gildi og fyrst reyndi á þau, varð samkomulag um fjölda launaflokka og skipun ríkisstarfsmanna í þá. Framhaldsskólakennararnir skiptust í 4 launaflokka, 16.—19. launaflokk. Langmestur hluti framhaldsskólakennaranna var settur í 16. flokk. Í 17. flokk voru settir þeir, sem voru í föstu starfi og höfðu BA-próf frá Háskóla Íslands eða sambærilegt nám að dómi fræðslumálastjórnar. Í 18. flokk komu þeir, sem höfðu BA-próf eða sambærilegt og að auki próf í uppeldisfræðum. Í 19. flokk voru settir þeir, sem höfðu cand. mag. próf frá Háskóla Íslands eða annað sambærilegt próf í aðalkennslugrein.

Skiptingin byggðist á menntun. Framhaldsskólakennarar höfðu alið með sér þá von, að skiptingin verkaði ekki aftur fyrir sig, þannig að þeir, sem voru í föstum kennarastöðum, tækju allir laun samkvæmt 18. flokki, en skiptingin væri látin ná til þeirra, sem kæmu í störf eftir 1. júlí 1963. Sú varð þó ekki raunin á, og gætti strax megnrar óánægju með það. Fóru fram viðræður við stefnda, er leiddu til þess, að menntamálaráðuneytið sendi Landssambandi framhaldsskólakennara eftirfarandi bréf, dagsett 5. júní 1964:

„Það tilkynnist Landssambandi framhaldsskólakennara hér með, að ríkisstjórnin hefur ákveðið að fallast fyrir sitt leyti á, að þeir framhaldsskólakennarar, sem voru skipaðir eða settir í kennarastöður 1. júní 1952, þegar lög um breytingu á lögum nr. 36 11. júlí 1911 um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta tóku gildi og kváðu á um óskert kennsluréttindi þeirra, sem áður höfðu hlotið kennararéttindi, skuli frá 1. júlí 1963 taka laun samkv. 18. lfl. Enn fremur mun ráðuneytið í samráði við

Kennaraskóla Íslands og kennarasamtökin efna til námskeiða fyrir þá kennara, sem framangreind regla tekur ekki til, er geri þeim kleift að flytjast í hærri launaflokk.“

Á grundvelli bréfs þessa voru síðan rúmlega 150 kennarar fluttir úr 16. og 17. launaflokki í 18. launaflokk. Var enginn munur gerður á, hvort um var að ræða bóknámskennara eða sérgreina-kennara. Síðla sumars 1965 setti menntamálaráðuneytið á laggirnar nefnd til að gera tillögu um námskeið í samræmi við efni bréfsins frá 5. júní 1964. Skipaði ráðuneytið sex menn í nefndina. Er nefndin lauk störfum vorið 1965, samdi ráðuneytið uppkast að auglýsingu um námskeiðið. Var auglýsingin dagsett 25. júní 1965. Áttu umsóknir að vera komnar fyrir 15. ágúst 1965. Framhaldsskólakennararnir gátu ekki felld sig við fyrirkomulag það, sem auglýsingin gerði ráð fyrir að viðhöfð yrði um námskeiðið. Ráðuneytið gerði þá aðra auglýsingu, dags. 18. ágúst 1965. Framhaldsskólakennarar felldu sig ekki heldur við það námskeiðsfyrirkomulag, sem fólst í þessari auglýsingu. Námskeiðið átti aðeins að miðast við bóknámskennara, en sérgreina-kennarar hvergi nefndir. Þá töldu framhaldsskólakennararnir, að námskeiðið yrði þeim of kostnaðarsamt, námskeiðið átti að haldast á öðrum tíma en þeir höfðu vænt, og launahækkunin átti ekki að koma á þeim tíma, er þeir höfðu gert ráð fyrir. Auglýsingin var aldrei birt, enda lét ráðuneytið frá sér fara frétt, dags. 27. september 1965, þar sem skýrt var frá loforði ráðuneytisins frá 5. júní 1964 um námskeiðshaldið, nefndarskipuninni, hverjir hefðu átt sæti í nefndinni, að nefndin hefði lokið störfum og að mál umræddra kennara væru til umræðu í samningum þeim, sem þá fóru fram milli ríkisstarfsmanna og ríkisins, og þá um leið sú hugmynd, að þátttaka í námskeiðum veitti rétt til launahækkunar. Gerði ráðuneytið ráð fyrir, að ef samkomulag næðist á þá lund, að ekki þyrfti til frekari aðgerða að koma, hefði ráðuneytið fullnægt fyrirheitinu frá 5. júní 1964. Ella mundi ráðuneytið efna til námskeiðs fyrir hlutaðeigandi kennara eigi síðar en sumarið 1966, og yrði það auglýst síðar.

Ekki náðist samkomulag, enda túlkaði náðuneytið loforð sitt frá 5. júní 1964 þrengra en kennararnir töldu, að rétt væri, sbr. það, sem að framan greinir. Þegar kjaradómsmálið nr. 1/1965: Kjararáð fyrir hönd starfsmanna ríkisins gegn fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs var rekið fyrir kjaradómi, gerði stefndi máls þessa meðal annars eftirfarandi kröfu:

„Framhaldsskólakennarar í bóklegum greinum, settir eða skip-

aðir fyrir 1. júlí 1963, skulu halda rétti sínum til þess að flytjast í hærri launaflokk skv. bréfi menntamálaráðherra til Landssambands framhaldsskólakennara, dags. 5. júní 1964, ef þeir ljúka tilskyldu námskeiði.“

Dómur Kjaradóms gekk 30. nóv. 1965. Þar var ofangreind krafa stefnda afgreidd á þá lund, að í 18. launaflokki skyldu vera þeir framhaldsskólakennarar, sem settir voru eða skipaðir fyrir 1. júní 1952. Á námskeið var ekki minnzt og ekki heldur á þá kennara, sem skipaðir höfðu verið eða settir tímabilið 1. júní 1952 til 1. júlí 1963. Með bréfi, dags. 5. jan. 1966, tilkynnti menntamálaráðuneytið Landssambandi framhaldsskólakennara, að ríkisstjórnin hefði rætt niðurstöðu Kjaradóms varðandi skipun framhaldsskólakennara í launaflokka, og með hliðsjón af því, hvernig Kjaradómur hefði gripið á kröfugerð stefnda varðandi kennarana, teldi ríkisstjórnin, að fyrirheiti því, sem veitt var í bréfinu frá 5. júní 1964 um flutning kennara í hærri launaflokk, hafi verið fullnægt.

Á þessa túlkun og skilning á ákvæðum dóms Kjaradóms gátu framhaldsskólakennararnir ekki fallzt, enda hefur námskeiðið aldrei verið haldið, og því situr fjöldi framhaldsskólakennara, er settir voru eða skipaðir í kennarastöður tímabilið 1. júní 1952 til 1. júlí 1963, í 17. launaflokki. Það geti ekki talzt efndir á loforðinu frá 5. júní 1964 að skjóta málinu til Kjaradóms, gera þar þrengri kröfu en loforðið gekk út á og fá ekki þessa þrengri kröfu tekna til greina hjá dóminum. Loforðið var gefið óháð dómi Kjaradóms, og því var það rangt að setja málið fyrir Kjaradóm. Námskeiðið beri að halda, hvað sem líði skoðunum Kjaradóms.“

Í greinargerð sinni gerir stefndi þessa grein fyrir málavöxtum og efni málsins:

„Mál þetta fjallar um það, hvaða réttur til launabóta fyrir framhaldsskólakennara, skipaða eða setta í stöður á tímabilinu 1. júní 1952 til 1. júlí 1963, hafi falzt í fyrirheiti ríkisstjórnarinnar, sem sett er fram í bréfi menntamálaráðherra til Landssambands framhaldsskólakennara, dags. 5. júní 1964. Einnig fjallar málið um það, hvort þessum rétti framhaldsskólakennara hafi að öllu leyti verið fullnægt og hvort í dómi Kjaradóms, uppkveðnum 30. nóv. s.l., felist endanleg ákvörðun um það, hvaða launaflokk þessir framhaldsskólakennarar skuli skipa á yfirstandandi kjaratímabili, þ. e. árin 1966 og 1967.

Tvö atriði í kröfu stefnanda vil ég gera sérstaklega að umtals- efni þegar í upphafi. Annars vegar, að krafan um viðurkenningu

á því, að ríkissjóður hafi vanefnt að halda námskeiðið, er í órofa tengslum við kröfuna um að flytjast í 18. launaflokk og raunar forsenda hennar. Stefnandi óskar einungis eftir námskeiði til þess að skapa grundvöll fyrir launabótum til framhaldsskólakennara, en námskeiði án launabóta er hann andvígur. Ljóst er af gögnum málsins, að eftir að fyrirheitið var gefið hinn 5. júní 1964, var það sjónarmið ríkjandi í samtökum framhaldsskólakennara og hjá Kjararáði BSRB, að þetta námskeið ætti að vera sem lítilfjörlegast, og helzt ætti það að falla niður. Á hinn bóginn er krafa stefnanda um, að námskeiðsmenn flytjist í 18. launaflokk ríkisstarfsmanna ekki á rökum reist, þar eð einungis er gefið fyrirheit um það í bréfi menntamálaráðherra, að námskeiðið „geri þeim kleift að flytjast í hærri launaflokk.“ Þessu fyrirheiti hefur verið fullnægt með því, að Kjaradómur hefur flutt umrædda kennara úr 16. flokki í 17. launaflokk. Uppköst að tveim auglýsingum, sem aldrei voru birt, þar sem gert er ráð fyrir, að þeir, sem ljúka námskeiðinu, færist upp í 18. launaflokk, fela ekki í sér neina skuldbindingu fyrir ríkissjóð, en sýna aðeins, hvaða hugmyndir um þetta efni voru ofarlega á baugi í menntamálaráðuneytinu á þeim tíma.

Tilkynning menntamálaráðherra f. h. ríkisstjórnarinnar, dags. 5. júní 1964, er stutturð, einhliða yfirlýsing, þar sem skýrt er lauslega frá grundvallaratriðum í sambandi við fyrirhugaðar launabætur til þeirra kennara, er námskeiðið var ætlað. Um mörg atriði þurfti að kveða nánar á síðar og draga skýrari mörk, og það var réttur ríkisstjórnarinnar einnar, sem yfirlýsinguna gaf, að taka ákvarðanir í þessum efnum. Eftirfarandi atriði koma ekki fram í yfirlýsingunni sjálfri:

1. Hvaða kennarar áttu rétt á að sækja námskeiðin.

Aðiljar eru þó sammála um, að það séu framhaldsskólakennarar, settir eða skipaðir á tímabilinu frá 1. júní 1952 til 1. júlí 1963, er launalögin féllu úr gildi. Hins vegar greinir aðilja á um, hvort námskeiðsrétturinn taki til kennara í aukagreinum, þ. e. leikfímiskennara, matreiðslukennara og handavinnukennara. Ákvörðun ríkisins kemur fram í kröfugerð þess fyrir Kjaradómi, sbr. niðurlag dskj. nr. 14, og var á þá lund, að námskeiðið væri einungis fyrir kennara í bóklegum greinum. Í yfirlýsingunni frá 5. júní 1964 kemur ekki fram, hvort námskeiðið miðist einungis við kennara í 16. launaflokki, en eðlilegast er að líta svo á, að til þess hafi verið ætlað.

2. Hvenær námskeiðið skyldi haldið, hve lengi það ætti að standa og frá hvaða tíma launahækkunin ætti að gilda.

Um þetta hafði ríkið ekki tekið endanlega ákvörðun, þegar málið gekk til Kjaradóms, en ríkið vill una við niðurstöðu dómsins, að hækkunin um einn launaflokk gildi frá 1. jan. 1966 og telur sér það skylt.

3. Hvort námskeiðsmennirnir skyldu flytjast upp um einn eða fleiri launaflokka.

Í þessu efni kom að sjálfsögðu aldrei annað til álita en það, hvort kennararnir skyldu fluttir upp í 17. eða 18. launaflokk. Kjaradómur ákvað hér 17. launaflokk. Ríkisstjórnin telur, að með þessari niðurstöðu hafi fyrirheit hennar verið efnt, sbr. dskj. nr. 7.

Þar eð nefnd sú, er átti að undirbúa námskeiðið, sat lengi á rökstólum án þess að ná samkomulagi, hafði ríkisstjórnin eigi tekið fullnaðarákvarðanir um framangreind atriði, þegar samningaviðræður hófust við Kjararáð BSRB sumarið 1965 um nýjan heildarkjarasamning. Að svo vöxnu máli var eðlilegt, að í samningaviðræðunum væri m. a. rætt um fyrirhugað námskeið og þá launaflokkshækkun, er því skyldi fylgja, sbr. dskj. nr. 5. Hins vegar tókst eigi samkomulag um þetta deiluefni fremur en önnur í þeim viðræðum, og fóru öll ágreiningsefni í Kjaradóm og þar með ágreiningurinn um launakjör allra framhaldsskólakennara. Fyrir dóminn lagði sóknaraðili m. a. fram yfirlýsingu frá 5. júní 1964 til rökstuðnings kröfum sínum svo og fréttatilkynningu frá menntamálaráðuneytinu, sbr. dskj. nr. 5.

Báðir aðiljar gerðu dómnum ítarlega grein fyrir sjónarmiðum sínum varðandi þetta sérstaka efni. Kjararáð BSRB gerði kröfu til þess fyrir Kjaradómi, að framhaldsskólakennarar, ráðnir til starfa á tímabilinu 1. júní 1952 til 1. júlí 1963, skyldu færast upp um fimm launaflokka, eða úr 16. fl. í 21. fl., og *vera lausir við námskeiðið*. Staðhæfingar málflutningsmanns stefnanda, er fram koma í stefnu þessa máls á þá leið, að rangt hafi verið að setja málið fyrir Kjaradóm og að námskeiðið beri að halda, hvað sem líði skoðun Kjaradóms, sæta því vissulega nokkurri furðu.

Fyrir Kjaradómi gerði ríkið hins vegar þá kröfu, að framhaldsskólakennarar, er voru í 16. launaflokki, ráðnir til starfa á tímabilinu 1. júní 1952 til 1. júlí 1963, skyldu sitja kyrrir í 16. launaflokki, en halda rétti sínum til að færast upp í hærri launaflokk, ef þeir lykju námskeiði samkvæmt fyrirheitinu í bréfi menntamálaráðherra frá 5. júní 1964. *Fyrirheitið var því að fullu efnt*

af hálfu ríkisins með því að viðurkenna það fyrir Kjaradómi og gera það að hluta af kröfugerð sinni fyrir dóminum. Stefnandi heldur því að vísu fram, að kröfugerð ríkisins hafi á þessu sviði verið þrengri heldur en fyrirheitið gaf tilefni til og á þar við, að krafan fyrir Kjaradómi hafi einungis tekið til bóknámskennara. Þetta er á misskilningi byggt, en óþarft er að fjölýrða um það hér, þar sem Kjaradómur lét bóknámskennara og kennara í auka-greinum fylgjast að.

Niðurstaða Kjaradóms varð sú, að allir umræddir kennarar voru fluttir úr 16. flokki í 17. flokk, en jafnframt leystir undan þeirri kvöð að sækja námskeið. Kennararnir fengu þannig þá kjarabót, sem fyrirheitið gaf til kynna, en voru leystir undan að taka á sig þær skyldur, er áttu að fylgja.

Það er eindregin skoðun mín, að með dómi Kjaradóms, uppkveðnum 30. nóvember 1965, hafi verið endanlega ákveðið, í hvaða launaflokkum framhaldsskólakennarar skuli sitja yfir tíma-bilið frá 1. janúar 1966 til 31. desember 1967. Þessa skoðun reisi ég á 17. gr. laga nr. 55/1962, þar sem segir, að aðiljar skuli leggja ágreiningsefni skilmerkilega fyrir Kjaradóm, svo og á 21. gr. sömu laga, þar sem segir, að dómur Kjaradóms sé fullnaðarúr-lausn kjaradeilu og bindi aðilja á sama hátt og samningur. Krafa stefnanda í máli þessu er því í raun rétttri krafa um lagalega viðurkenningu á því, að í niðurstöðu Kjaradóms þurfi eigi að felast endanleg úrlausn launakjaradeilu við opinbera starfsmenn. Slík krafa fær ekki staðizt, og ber að sýkna umbjóðanda minn af henni.“

Samkvæmt ákvörðun dómsins fór fram málflutningur um það, hvort málefni það, sem aðiljar deila hér um, falli undir úrlausn Félagsdóms.

Lýstu báðir aðiljar yfir því, að þeir teldu, að Félagsdómur ætti að dæma það að efni til, og gerði hvorugur þeirra kröfu til máls-kostnaðar í þessum þætti málsins.

Í 44. gr. laga nr. 80/1938 segir, að verkefni Félagsdóms sé:

1. Að dæma í málum, sem rísa út af kærnum um brot á lögum þessum og tjóni, sem orðið hefur vegna ólögmætra vinnu-stöðvana.
2. Að dæma í málum, sem rísa út af kærnum um brot á vinnu-samningi eða út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans.

Með skírskotun til krafna stefnanda og málsatvikalýsinga aðilja verður eigi talið, að ágreiningur sá, sem mál þetta fjallar um,

falli í flokk með þeim réttarágreiningi, sem Félagsdómur á úrskurðarvald um samkvæmt ofangreindum ákvæðum, og eigi verður heldur lagður dómur á mál þetta samkvæmt 3. lið 44. gr. nefndra laga.

Þá verður eigi heldur talið, að Félagsdómur eigi dóm um framangreint ágreiningsefni samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1962, en þar segir svo:

„Félagsdómur dæmir í málum, sem rísa milli samningsaðilja út af brotum á lögum þessum og ágreiningi um skilning á kjarasamningi og gildi hans.“

Verður það hvorki ráðið af kröfum stefnanda né málflutningi aðilja, að hér sé um að ræða ágreining um það, hvað felist í beinum ákvæðum dóms Kjaradóms frá 30. nóvember 1965. Og þar sem Félagsdómur á ekki heldur úrlausn um það, hvort Kjaradómur hafi við úrlausn þeirra atriða, er hann dæmdi um hinn 30. nóvember f. á. og um er deilt í máli þessu, fylgt þeim valdmörkum, sem honum eru sett í lögum nr. 55/1962, ber með tilvísun til alls þess, sem að framan er rakið, að vísa máli þessu frá dómi.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Mánudaginn 9. janúar 1967.

Nr. 243/1966. **Porkell Valdimarsson**

gegn

Þorbirni Georg Gunnarssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, **Porkell Valdimarsson**, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.
